

Eftirlitsstofnun EFTA

Eftirlitsstofnun EFTA sér til þess að EFTA-ríkin – Ísland, Liechtenstein og Noregur – virði skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum.

ESA stendur vörð um rétt einstaklinga og atvinnulífs sem telja að reglur eða framkvæmd í einhverju EFTA-ríkjanna sé ekki í samræmi við réttindi sem þeir eigi að njóta á grundvelli EES samningsins.

ESA fylgir því jafnframt eftir að EFTA ríkin fari að reglum samningsins um ríkisaðstoð og að fyrirtæki innan EFTA-ríkjanna fari að reglum samkeppnisréttar.



Eftirlitsstofnun EFTA
Rue Belliard 35
B-1040 Brussels
Belgium

Sími +32 2 286 18 11
Fax +32 2 286 18 10
Netfang: registry@eftasurv.int
Heimasíða: <http://www.eftasurv.int>
Twitter: @eftasurv



Ljósmyndir: Cécile Quénum (bls.2),
Mimsy Møller / Samfoto (bls.4),
Willy Haraldsen / Samfoto (bls.6),
Stoyan Nenov / Reuters (bls.8),
Stig B. Hansen / Aftenposten (bls.10),
EFTA Court (bls.12 og 14),
Pascal Broze (bls.16 og 18).

EFTA SURVEILLANCE
AUTHORITY



Að standa vörð um EES samninginn

EES-samningurinn hefur síðastliðin 20 ár átt drjúgan þátt í að tryggja efnahagslega velmegun og atvinnu á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi. Samvinna á grunni samningsins nær til fjölda sviða og marghátaðar og nákvæmar reglur hafa orðið hluti af daglegu lífi og starfi hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu. Styrkleikar EES-samstarfsins eru miklir en framkvæmd samningsins er krefjandi og vandmeðfarin.

Sameiginlegar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu þjóna meðal annars því hlutverki að tryggja aðgang fyrirtækja að innri markaðnum án mismununar og án óréttmætra viðskiptahindrana. Samstarfið byggist á því að sameiginlegu reglurnar séu allar innleiddar samtímis og á samræmdan hátt í öllum EES-ríkjunum. Því miður er sú ekki alltaf raunin hjá EFTA-ríkjunum og á það sérstaklega við nú.

Síðustu tvö árin hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) stefnt fleiri málum fyrir EFTA-dómstólinn en nokkru sinni fyrr. Tilfnið er að Ísland og Noregur hafa ekki innleitt nýja löggjöf innan tímamarka eða með réttum hætti. Á sama tímabili hefur stofnunin hafið fleiri hundruð samningsbrotamála. Sem betur fer tekst að leysa flest málin en iðulega er farið langt fram úr settum tímafrestum til innleiðingar, jafnvel sem nemur meira en ári. Ofan á þetta bætist fjöldi EES gerða, um 500 talsins, sem bíða þess að verða teknar upp í EES-samninginn, en hafa þegar tekið gildi innan Evrópusambandsins.

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa náð æ betri tókum á að innleiða nýjar sameiginlegar reglur í landsrétt sinn innan tímamarka. Á sama tíma sígur á ógæfuhliðina hjá EFTA-ríkjunum. Evrópusambandsríkin eru beitt

sektarviðurlögum ef þau bregðast því hlutverki sínu að innleiða löggjöf innan tímafresta. ESA hefur ekki heimildir til að beita slíkum viðurlögum gagnvart EFTA ríkjunum enda byggist EES samstarfið á trúnaðartrausti, trausti á því að samningar séu bindandi og að þeim sé framfylgt í verki. Því miður sýnir reynslan að traustið dugir ekki alltaf til.

Lausnin á þeim vanda sem nú er uppi er hvorki fögur fyrirheit né skammtíma átaksverkefni sem deyrja út þess á milli. EES samstarfið krefst stöðugrar árvekni, fagmennsku, langtímahugsunar og festu bæði af hálfu stjórnmalamanna og starfslíðs stjórnslunnar.

Stofnanakerfi EES-samningsins hefur gegnt hlutverki sínu með sóma. Það hefur tekið tíma og vinnu að byggja upp traust. Vert er að hafa í huga að erfitt kann að reynast að endurvinnna traust, ef það á annað borð glatast. Þýðingu og mikilvægi EES-samningsins er teft í tvísýnu ef skuldbingar samkvæmt honum eru ekki virtar. Það myndi þá haldast í hendur við að þeir sem njóta réttinda samkvæmt samningnum fengju ekki notið þeirra.


Mikil ábyrgð hvílir á Íslandi, Liechtenstein og Noregi til að takast megi að halda lífi í EES-samningnum út þriðja áratug samstarfsins.

Oda Helen Sletnes,
Forseti Eftirlitsstofnunar EFTA



Ársskýrslan er fánleg á heimasíðu Eftirlitsstofnunar EFTA

Þetta yfirlit gefur innsýn í verkefni stofnunarinnar og beinir sjónum að nokkrum þeirra mörgu mála sem ESA hefur fengist við á árinu 2013. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.eftasurv.int/2013



Eftirlit með “fjórfrælsinu”

ESA hefur eftirlit með því að EFTA-ríkin innleiði reglur innri markaðarins - að mestu reglugerðir og tilskipanir - í landsrétt innan tímamarka og með réttum hætti.

Eftirlitsstofnun EFTA fer með sams konar eftirlitshlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gagnvart aðildarríkjum ESB og er náið samstarf með þessum tveimur stofnunum.

Innri markaðurinn byggist á reglum “fjórfrælsisins” – frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns. Þessir fjórir þættir hafa verið miðpunktur evrópsks samstarfs síðan Rómarsáttmálinn var samþykktur árið 1957.

Helstu viðfangsefni 2013:

Banni gegn notkun vildarpunkta aflétt

Eftir lokaviðvörðun frá Eftirlitsstofnun EFTA aflétti Noregur í maí 2013 banni sínu á söfnun vildarpunkta í innanlandsflugi. Að mati stofnunarinnar stóðst bannið ekki tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti og það fól einnig í sér óréttmæta takmörkun á þjónustufrelsi og staðfesturétti.

Gengistrygging lána á Íslandi

Algert bann við gengistryggðum lánnum í íslenskum krónum felur í sér hindrun á frjálsum flæði fjármagns. Bannið getur latt íslenskar fjármálastofnanir til að fjármagna lán sín í öðrum gjaldmiðlum. Rökstutt álit þessa efnis setti ESA fram í maí 2013

Þótt lögmætt kunni að vera að leggja hömlur á svo áhættusöm lán til neytenda, þá er það álit stofnunarinnar að algert bann við veitingu slíkra lána gangi lengra en meðalhófið leyfir.

Ísland hefur gefið til kynna að það hyggist endurskoða bannið.



Takmarkanir á eignarhaldi í fiskeldi

Noregur hefur nú breytt reglum um takmarkanir á eignarhaldi í fiskeldisfyrirtækjum. Eftir athugun í kjölfar kvörtunar sem ESA barst var niðurstaða stofnunarinnar sú að reglurnar fælu í sér takmörkun á staðfesturétti.

Bann við innflutningi hrás kjöts ekki í samræmi við EES samninginn


Samkvæmt íslenskum lögum er innflutningur hrás kjöts, unninna kjötvara (dæmi: pylsur) og annarra kjötafurða háður leyfisveitingu.

Í formlegu áminningarbréfi til Íslands frá október 2013, lét ESA í ljós það álit að krafan um leyfi stangist á við tilskipun um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan EES og hún sé ekki réttlæt看leg á grundvelli verndar lífs og heilsu manna eða dýra.

Stigatafla Innri Markaðarins

Sá fjöldi samningsbrotamála sem vísað hefur verið til EFTA-dómstólsins verður að skoðast með hliðsjón af þeirri stigatöflu innri markaðarins sem síðast var gefin út. Niðurstaðan fyrir EFTA-ríkin var þá sú lakasta frá árinu 2000, eða að meðaltali 2% innleiðingarhalli. Markmiðið er að hann fari ekki yfir 1%.

Ísland og Noregur voru langt frá markmiðinu, Ísland með 3.2% innleiðingarhalla og Noregur 1.8%. Liechtenstein var innan markmiðsins með 1.0% innleiðingarhalla.



Reglur um ríkisaðstoð

Ríkisaðstoð getur falist í ýmiss konar stuðningi hins opinbera við þá sem reka fyrirtæki á markaði.

EES-samningurinn felur í sér almennt bann við ríkisaðstoð sem raskað getur samkeppni og haft óæskileg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Reglunum er ætlað að tryggja að fyrirtæki búi við jöfn samkeppnisskilyrði hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu og jafnframt að koma í veg fyrir að opinber stuðningur sé nýttur sem verndarráðstöfun í stað viðskiptahindrana sem voru afnumdar með samningnum.

Undantekningar má þó gera frá banninu enda kunna opinber afskipti að vera nauðsynleg og æskileg í einstökum tilvikum, m.a. til að ráða bót á markaðsbresti.

Helstu viðfangsefni 2013:

Fjármögnun á starfsemi Hörpu

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er kennileiti í miðbæ Reykjavíkur sem er í sameiginlegri eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Rekstur Hörpu hefur frá upphafi verið með halla og hafa eigendurnir lagt fjármagn til byggingarinnar til að standa undir rekstrinum

Í kjölfar kvörtunar hóf ESA rannsókn á fjármögnun Hörpu. Brugðist var við athugasemdum og ábendingum ESA og gripið til ráðstafana meðal annars með aðskilnaði í bókhald Hörpu og innleiðingu nýrra aðferða við kostnaðar- og tekjugreiningu.

Í desember 2013 komst ESA að þeirri niðurstöðu að fjármögnun Hörpu væri í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES samningsins.

Rekstur lyfjaverslana á norskum sjúkrahúsum

Í kjölfar kvörtunar lagði ESA formlega til við norsk yfirvöld að gripið yrði til ákveðinna ráðstafana til að draga úr hættu á samkeppniröskun í fjármögnun og starfsemi ríkisrekinnar lyfjaverslana í norskum sjúkrahúsum.

Í tilmælum ESA felst meðal annars bókhaldslegur aðskilnaður milli smásöluhluta ríkisrekinnar lyfjaverslana og rekstrar í almannapágu. Þá var áskilnaður um skýra kostnaðar- og tekjuágreiningu.

Nýjar reglur um byggðaaðstoð

Í október 2013 samþykkti ESA nýjar leiðbeiningarreglur um byggðaaðstoð. Reglurnar eru sambærilegar þeim sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti fyrr á árinu. Reglurnar gilda frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020.

Helstu viðfangsefni 2013:

Innkaupareglur í olíu- og gasiðnaði

Í apríl 2013 veitti ESA undanþágu frá útboðsreglum EES-samningsins vegna rannsókna og framleiðslu á jarðgasi og hráolíu á norska landgrunninu.

Að baki ákvörðuninni lá ítarlegt mat á því hvort skilyrði slíkrar undanþágu væru uppfyllt. ESA leit sérstaklega til þess hvort samkeppni ríkti á umræddum markaði, þ.e.a.s. við olíuleit, olíuframleiðslu og framleiðslu jarðgass í Noregi.

Rannsókn á Telenor

ESA vinnur að rannsókn gagna sem aflað var við húsleit í höfuðstöðvum norska fjarskiptafyrirtækisins Telenor í desember 2012. Stofnunin lagði hald á mikið magn af gögnum, þar á meðal gögn í tölvutæku formi.

Markmið rannsóknar ESA er að staðreyna hvort fyrir liggja brot á samkeppnisreglum EES-samningsins.

Húsleit hjá Statoil

Í maí 2013 gerði ESA, að beiðni Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fyrirvaralaus húsleit í starfsstöðvum Statoil í Noregi. Húsleitinn tengdist rannsókn Framkvæmdastjórnarinnar á fyrirtækjum í olíuðnaði.

Hlutverki ESA í rannsókninni lauk þegar stofnunin afhenti Framkvæmdastjórninni þau gögn sem hald var lagt á.

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins

ESA hefur það meginhlutverk í samkeppnismálum að sjá til þess að fyrirtæki sem starfa í EFTA-ríkjunum fari að samkeppnisreglum EES-samningsins. ESA hefur víðtækar rannsóknarheimildir jafnframt því sem stofnuninni er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki sem brjóta gegn samkeppnisreglunum. Sektirnar geta numið allt að 10% af heildarveltu fyrirtækis.

Stofnuninni ber einnig að hafa eftirlit með því hvernig samkeppnisyfirlit í EFTA-ríkjunum beita samkeppnisreglum EES-samningsins.

Helstu viðfangsefni 2013:

Málum gegn EFTA-ríkjum vísað til EFTA-dómstólsins

Árið 2013 vísaði ESA 10 málum er vörðuðu brot EFTA-ríkja á EES-samningnum til EFTA-dómstólsins. Um er að ræða metfjölda mála. Átta málanna sneru að Íslandi og tvö þeirra að Noregi. Dómar hafa verið kveðnir upp í öllum málunum, þar sem EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ríkin hefðu vanefnt að innleiða EES gerðir í landsrétt (Mál E-9/13, E-10/13, E-11/13, E-12/13, E-13/13, E-14/13, E-15/13, E-16/13, E-17/13 og E-18/13).

Ógildingarmál fyrir EFTA-dómstólnum

Árið 2013 komu upp sjö mál þar sem farið var fram á að EFTA-dómstóllinn ógilti ákvarðanir ESA. Tvö þessara mála vörðuðu almennan aðgang að gögnum (Mál E-4/13 og E-5/13 *DB Schenker gegn ESA*), eitt málanna varðaði ákvörðun stofnunarinnar um að loka rannsókn er sneri að meintum brotum EFTA-ríkis (Mál E-2/13 *Bentzen Transport gegn ESA*), þrjú málanna vörðuðu ríkisstyrkjaákvæðanir (Mál E-1/13 *Míla gegn ESA*, E-8/13 *Abelia gegn ESA* og E-19/13 *Konkurrenten gegn ESA*) og í einu málanna var farið fram á ógildingu ákvörðunar ESA um að samþykka lista yfir íþróttaviðburði sem heimilt var að sjónvarpa ókeypis í Noregi (Mál E-21/13 *FIFA gegn ESA*). EFTA-dómstóllinn vísaði frá Máli E-2/13 *Bentzen Transport gegn ESA*, þar sem það þótti ótækt til meðferðar. Dómstóllinn felldi hins vegar úr gildi ákvörðun ESA í Máli E-1/13 *Míla gegn ESA*. Enn er beðið niðurstöðu í hinum málunum.

EFTA-dómstóllinn

Vísun máls til EFTA-dómstólsins er lokaskrefið í formlegu samningsbrotamáli á hendur EFTA-ríki. Dómstóllinn tekur einnig fyrir mál þar sem farið er fram á ógildingu ákvarðana ESA auk þess að veita dómstólum í EFTA-ríkjum ráðgefandi álit varðandi túlkun EES-réttar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka þátt í úrlausn allra mála fyrir EFTA-dómstólnum.



Mál þar sem landsdómstólar óska ráðgefandi álits

ESA skilaði inn athugasemdom í sex málum þar sem landsdómstólar höfðu óskað eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins (Mál E-11/12 *Beatrix Koch*, E-15/12 *Wahl gegn Íslandi*, E-3/13 *Fred. Olsen*, E-6/13 *Metacom*, E-7/13 *Creditinfo* og E-20/13 *Fred. Olsen*).

Evrópuþómstóllinn

ESA tók þátt í fjórum forúrskurðarmálum hjá Evrópuþómstólnum (Mál C-507/12 *Saint Prix*, C-617/12 *AstraZeneca*, C-48/13 *Nordea Bank* og C-83/13 *Fonnskip A/S*).

Netaðgangur að gagnagrunni ESA

Til að auka gagnsæi í starfsemi sinni hefur ESA nú veitt aðgang að gagnagrunni stofnunarinnar. Þar er að finna þau gögn sem ESA hefur veitt almennan aðgang að.

Meginreglan er sú að almennur aðgangur er veittur að gögnum ESA og getur hver sem er óskað eftir aðgangi að þeim. ESA hefur þó ætíð á valdi sínu að synja aðgangi að tilteknum gögnum.


Fundargerðir stjórnarfunda ESA eru ávallt birtar á heimasíðu stofnunarinnar en þar er gerð grein fyrir formlegum ákvörðunum ESA. Í hverri viku er uppfærður listi yfir opinber gögn birtur á heimasíðunni.

Frekari upplýsingar má finna á: www.eftasurv.int/access




Málsmeðferð

Ný mál til meðferðar, eftir starfssviði:



Mál sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur lokið meðferð á, eftir starfssviði:



Fjárhagsmál

Kostnaður við starfsemi og rekstur ESA er fjármagnaður með framlögum frá Íslandi (9%), Liechtenstein (2%) og Noregi (89%). Í fjárhagsáætlun ársins 2013 nam þessi kostnaður 12.7 milljónum evra, en það samsvarar 2.6% nafnverðshækkun frá árinu 2012.

Að standa vörð um EES Samninginn

Eftirlitsstofnun EFTA er fjölbjóðlegur vinnustaður í Evrópuhverfinu í hjarta Brussel. Hjá ESA starfar á áttunda tug metnaðarfullra og hæfra starfsmanna frá 14 löndum.

Sérfræðingar ESA eru vel menntaðir og reyndir með sérþekkingu á Evrópurétti og áhuga á Evrópska efnahagssvæðinu. Starfsmenn fá tækifæri til að vinna að fjölbreyttum málum og glíma við margvísleg lagaleg álitæfni. Vinnustaðurinn er spennandi bæði faglega og félagslega.

Góður vinnustaður

ESA kappkostar að vinna lögfræðinga stofnunarinnar sé í hæsta gæðaflokki. Starfsmenn eru að öllu jöfnu ráðnir til þriggja ára í senn, en ráðningarsamning má framlengja einu sinni til annarra þriggja ára. Stofnunin býður einnig ráðningar til styttri tíma. Tækifæri fyrir hæfa starfsmenn bjóðast reglulega.

Áhersla er lögð á jafnvægi milli starfs og einkalífs, góð launakjör og ýmis hlunnindi. Brussel býður upp á úrval alþjóðlegra skóla fyrir börn starfsmanna.

Frekari upplýsingar má finna á: www.eftasurv.int/jobs

Starfsnám

Starfsnám hjá Eftirlitsstofnun EFTA er góð undirstaða fyrir önnur störf. Á hverju ári býðst sex hæfum umsækjendum frá EES/EFTA ríkjum að koma til starfa hjá ESA. Reynslan sem þeir afla sér í störfum fyrir ESA hefur reynst heilladrjúg bæði fyrir störf hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Umsóknarferlið hefst í febrúar á hverju ári.

Sjá meira á: www.eftasurv.int/trainee